

Úrvinnsla úr könnun hjá sveitarfélögum á túlkun og útfærslu á gildandi lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, og reglugerð um húsaleigubætur, nr. 118/2003, er varðar útreikning og afgreiðslu bótanna.

Tilgangur

Í bréfi dagsettu 11. mars 2003 var sveitarfélögum greint frá því að félagsmálaráðherra hefði sett tvær nýjar reglugerðir um húsaleigubætur í kjölfar setningar laga nr. 167/2002, sem er breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum. Annars vegar er um að ræða reglugerð um húsaleigubætur, nr. 118/2003, og hins vegar reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna húsaleigubóta, nr. 122/2003. Í framangreindu bréfi var greint frá helstu breytingum sem fram koma í nýjum reglugerðum.

Að gefnu tilefni og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga fór félagsmálaráðuneytið þess á leit við sveitarfélög, með bréfi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, dags. 9. maí 2003, að þau fylltu út sérstök eyðublöð þar sem fram kæmi túlkun þeirra og útfærsla á ákvæðum framangreindra laga og reglugerða um húsaleigubætur. Markmiðið með beiðni þessari var að kanna hvort nægjanlegum upplýsingum hefði verið komið á framfæri við sveitarfélög, svo útreikningar og afgreiðsla bótanna kæmi heim og saman við gildandi laga- og reglugerðarákvæði þar að lútandi.

Svarhlutfall

Af 105 sveitarfélögum voru 14 sem ekki greiddu húsaleigubætur á árinu og 5 skiluðu ekki inn svörum. Svarhlutfall þeirra sveitarfélaga sem greiddu húsaleigubætur árið 2003 var því um 94,5%.

Helstu niðurstöður

Ljóst er að í kjölfar breytinga á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, þar sem bótaréttur var rýmkaður, hefur umsóknum fjölgað töluvert. Kemur það helst til af fjölgun umsókna frá námsmönnum og íbúum á sambýlum. Í heildina virðist útreikningur og afgreiðsla húsaleigubóta hjá sveitarfélögum vera í samræmi við gildandi laga- og reglugerðarákvæði um húsaleigubætur. Þó eru nokkur atriði sem vert er að athuga betur.


- Sveitarfélögum reynist oft erfitt að kanna skyldleika bótaþega og leigusala.
- Mörg sveitarfélög þyrftu að standa betur að upplýsingaöflun þegar kemur að því að kanna hvort húsnæði bótaþega flokkast undir íbúðarhúsnæði eða ekki.
- Skýra þarf reglur um bótarétt námsmanna sem búa á gistiheimilum/í sumarhúsum í stað stúdentagarða/heimavista.
- Athuga þyrfti hvernig standa skuli að upplýsingaöflun um tekjur bótaþega.
- Líta þyrfti betur á hvenær endurnýjun samnings um húsaleigubætur fer fram.

1. Lögheimili

Hvernig aflar sveitarfélag staðfestingar á því eða kannar hvort bótaþegi eigi lögheimili í sveitarfélaginu?

Svör voru flokkuð á eftirfarandi hátt:

- a) *Uppfletting í þjóðskrá 50%*
- b) *Upplýsingar frá Hagstofu Íslands..... 32%*
- c) *Íbúavottorð 10%*
- d) *Annað 8%*



Í flestum tilfellum fær sveitarfélag staðfestingu á lögheimili bótaþega í gegnum þjóðskrá Hagstofu Íslands. Ýmist

er íbúavottorð látið fylgja með umsókn eða starfsmenn sveitarfélagsins fletta sjálfir í íbúaskrá Hagstofunnar eða þjóðskrá. Hjá smærri sveitarfélögum, þar sem staðfestingar á lögheimili er ekki leitað, er viðkvæðið að það þyki óþarfi vegna smæðar sveitarfélagsins.

Hjá stærstu sveitarfélögunum er tölvukerfi sem sér um að húsaleigubætur séu tengdar við þjóðskrá. Daglega gerir tölvukerfið samanburð á lögheimili samkvæmt þjóðskrá og á skráðu heimilisfangi í umsókn. Því koma breytingar strax í ljós.


2. Húsaleigusamningur til sex mánaða

Hvernig fylgist sveitarfélag með því hvort bótaréttur sé áfram til staðar hjá bótaþega að þeim sex mánuðum liðnum sem er lágmarkslengd húsaleigusamnings? Notast sveitarfélagið við eitthvert kerfi?

Svör voru flokkuð á eftirfarandi hátt:

- a) *Farið er handvirkt yfir lokadags. leigusamn..... 31%*
- b) *Persónuleg eftirfylgni sökum smæðar sveitarfélags..... 26%*
- c) *Annað..... 21%*
- d) *Leigusamn. er skráður í kerfi sem fellir út bótarétt ef ekki er endurnýjað ... 9%*
- e) *Við áramót/endurnýjun umsóknar eru gögn skoðuð..... 8%*
- f) *Við endurnýjun leigusamnings er farið yfir gögn 5%*

Algengasta eftirlitskerfi sveitarfélaga er að miðað sé við dagsetningar á leigusamningi og bætur felldar niður ef hann er ekki endurnýjaður. Hjá stærri sveitarfélögum gerist þetta sjálfkrafa í gegnum tölvu en hjá þeim minni eru athuganir framkvæmdar handvirkt.



Hjá mörgum minni sveitarfélögum er viðkvæðið að ekki sé þörf á neinu sérstöku kerfi þar sem flestir þekkja til þeirra bótaþega er hlut eiga að máli.

3. Skyldleikatengsl


Hvernig kannar sveitarfélagið skyldleikatengsl leigusala og bótaþega eða sambýlismanns/ -konu bótaþega sem gæti girt fyrir rétt til húsaleigu-bóta?

Svör voru flokkuð á eftirfarandi hátt:

- a) Fái bótaþegar. Kunningsskapur notaður62%
- b) Ekki kannað að ráði21%
- c) Kannað með fyrirspurn til leigutaka, athugun á leigusamningi4%
- d) Kannað með hjálp þjóðskrár Hagstofu Íslands13%

Ekki er að sjá að sveitarfélögin kanni sérstaklega fjölskyldutengsl. Oftast er höfðað til heiðarleika bótaþega þegar hann lýsir því yfir með undirskrift sinni að ekki sé um ákveðin fjölskyldutengsl að

ræða. Ef upplýsingar á umsóknum og fylgigögnum benda ekki til skyldleika er það ekki kannað frekar og umsóknin er samþykkt án frekari athugasemda.



Fá sveitarfélög nýta opinberar upplýsingar, þ.e. íbúaskrár, fasteignaskrár, þjóðskrá o.s.frv. Viðkvæðið hjá smærri sveitarfélögum er að þar „þekki allir alla“ og því viti menn yfirleitt um öll skyldleikatengsl.

Mörg sveitarfélög óskuðu eftir leiðbeiningum um hvernig mögulegt væri að kanna skyldleikatengsl.

4. Vaxtabætur


Hvernig aflar sveitarfélag staðfestingar á því eða kannar hvort bótaþegi eða sá sem býr með honum njóti vaxtabóta er skerða rétt viðkomandi til húsaleigubóta?

Svör voru flokkuð á eftirfarandi hátt:

- a) Upplýsingar frá skattyfirvöldum, álagningarskrár/skattframtöl ...63%
- b) Ekki kannað sérstaklega.....8%
- c) Fái bótaþegar. Kunningsskapur notaður21%
- d) Annað.....8%

Algengast er að sveitarfélög athugi á skattframtali eða á álagningarskrá hvort réttur hafi myndast til vaxtabóta. Hjá minni sveitarfélögum er kunningsskapur mikið notaður.

Þegar bótaþegar eru námsfólk er oftast gengið út frá því að þeir séu eignalitlir eða eignalausir og þykir sveitarfélagi því ekki ástæða til frekari athugunar.



5. Íbúðarhúsnæði


Hvernig aflar sveitarfélagið staðfestingar á því eða kannar hvort húsnæði bótaþega flokkist undir íbúðarhúsnæði eða ekki, þ.e. hvort húsnæði sé skráð atvinnu- eða verslunarhúsnæði samkvæmt Fasteignamati ríkisins?

Svör voru flokkuð á eftirfarandi hátt:

- | | |
|--|-----|
| a) Upplýsingar frá Fasteignamati ríkisins, bæjarskipulagi eða byggingafulltrúa.... | 34% |
| b) Fær bótaþegar | 26% |
| c) Athugun á húsaleigusamningi | 20% |
| d) Ekki kannað sérstaklega..... | 12% |
| e) Annað..... | 8% |

Flest sveitarfélög nýta sér upplýsingar frá Fasteignamati ríkisins, bæjarskipulagi eða viðkomandi byggingafulltrúa. Sums staðar er látið nægja að skoða hvort húsaleigusamningur sé þinglýstur.

Það er mikilvægt að fram komi að þótt húsaleigusamningur sé þinglýstur þýðir það ekki að húsnæðið geti ekki verið ósamþykkt atvinnu- eða verslunarhúsnæði (sýslumaður athugar ekki fasteignamat).



Það er mikilvægt að sveitarfélög styðjist **eingöngu** við Fasteignamat ríkisins varðandi gerð húsnæðis. Mögulegt er að sækja um beinlínuaðgang að Landskrá fasteigna (fyrirspurnarkerfi) í síma 515 5300 eða með því að senda tölvupóst á netfangið fmr@fmr.is.

Hjá þjóðskrá á einungis að vera unnt að skrá lögheimili sitt í samþykkt íbúðarhúsnæði, þ.e. neita á lögheimilisskráningu ef reynt er að færa lögheimili í atvinnu- eða verslunarhúsnæði. Því ætti staðfesting á lögheimili úr þjóðskrá að tryggja sveitarfélögum upplýsingar um að viðkomandi búi ekki í ósamþykktu húsnæði. Þó er ákveðinn varnagli á því þar sem þjóðskráin skráir einstaklinga ekki í ákveðnar íbúðir heldur á heimilisföng og getur sú aðstaða skapast að


umsækjandi sem leigir atvinnuhúsnæði geti flutt lögheimili sitt á staðinn ef íbúðarhúsnæði er á sömu lóð.

6. Námsmenn

Ef skóli hefur ekki á sínum vegum stúdentagarða eða heimavist, og námsmaður fær inni á gistiheimili/ hóteli í staðinn, hefur sveitarfélag greitt bætur í þeim tilvikum sem um stúdentagarð eða heimavist væri að ræða?

Svör voru flokkuð á eftirfarandi hátt:

- a) Nei..... 52%
- b) Hefur ekki komið til þess..... 34%
- c) Já..... 14%



Ljóst er að ekki eru öll sveitarfélög viss um hvað skuli gera í tilfellum sem þessum þar sem um 14% sögðust hafa

greitt bætur undir þessum kringumstæðum. Einnig sögðu nokkur sveitarfélög sem ekki hafa þurft að afgreiða sams konar mál að þau myndu greiða bætur undir þessum kringumstæðum ef til þess kæmi.

Mörg sveitarfélög gerðu þá athugasemd að þeim fyndist að námsmenn ættu allir að sitja við sama borð þegar að úthlutun húsaleigubóta kæmi, óháð því hvort þeir neyddust til að búa á hóteli/orlofshúsi í stað stúdentagarða/heimavista.


7. Tekjur, eignir

a) Við útreikning húsaleigubótanna er gert ráð fyrir að samanlagðar eignir að frádregnum skuldum þeirra sem lögheimili eiga í leiguhúsnæði megi ekki fara yfir 3 milljónir króna (m.v. vísitölu neysluverðs í janúar 1998) svo ekki komi til skerðingar á bótunum. Þann 1. janúar 2003 var þessi upphæð komi í 3.702.866 kr. Notfærir sveitarfélagið sér uppreiknuð eignamörk á heimasíðu ráðuneytisins eða heldur sveitarfélagið á einhvern hátt utan um uppreikning á þessum 3 milljónum króna?

Svör voru flokkuð á eftirfarandi hátt:

- a) Sveitarf. notfærir sér uppreikn. eignamörk eða uppl. gefnar út af ráðuneyti . 84%
- b) Notar annað kerfi..... 16%

Ljóst er að langflest sveitarfélög notfæra sér upplýsingar frá félagsmálaráðuneytinu. Hin sögðust nota sérhæfð forrit, að bótaþegar þeirra væru langt undir eignamörkum




og/eða þau svöruðu ekki spurningunni á viðhlítandi hátt.

b) Tekur sveitarfélagið, við útreikning bótanna til bótaþega, einnig mið af lausafjáreign bótaþega og þeirra sem lögheimili eiga með honum í hinu leigða húsnæði (þ.e. eignir samkvæmt skattframtali)?

Svör voru flokkuð á eftirfarandi hátt:

- a) Já..... 18%
- b) Nei..... 82%

Hjá þeim sveitarfélögum sem svöruðu játandi var algengt að svarað væri þannig að farið væri eftir skattframtali. Erfitt var að leggja mat á það hvort sveitarfélög athuguðu tekjur annarra sem búa á sama stað og bótaþegi.



Þau sveitarfélög sem svöruðu neitandi báru því oftast við að bótaþegar væru eingöngu námsmenn sem yfirleitt væru eignalitlir.


8. Útreikningur bótanna

Notar sveitarfélagið a) sitt eigið reikniforrit, b) reikniforrit sem er á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins eða c) „handreiknað“ sveitarfélagi bætunnar til bótaþega?

Svör voru flokkuð á eftirfarandi hátt:

- a) *Sitt eigið forrit* 40%
- b) *Forrit á heimasíðu ráðuneytisins*..... 40%
- c) *„Handreiknað“ af sveitarfélagi*..... 20%

Eins og sjá má þá eru það jafnmörg sveitarfélög sem nota sitt eigið forrit við útreikning bótanna og nota forrit á heimasíðu ráðuneytisins.



Þegar um er að ræða eigið forrit er algengast að sveitarfélögin notist við Félagsmálastjórnann frá Maritec sem tengist Navision Financial tölvukerfinu.


9. Leiðrétting á húsaleigubótum

Hvernig ber sveitarfélagið sig að varðandi leiðréttingu ef í ljós kemur að bótaþegi hafi ekki átt rétt á greiðslu húsaleigubóta?

Svör voru flokkuð á eftirfarandi hátt:

- | | |
|---|-----|
| a) Hefur ekki komið til þess..... | 60% |
| b) Endurgreiðslu krafist með gíróseðli eða greiðsluseðli..... | 25% |
| c) Skuldajafnað við endurgreiðslu frá ríkissjóði (vaxta-, barnabætur) ... | 9% |
| d) Skuldajafnað við áfallandi bótarétt | 4% |
| e) Aðrar leiðir notaðar | 2% |

Algengast er að sveitarfélögin krefjist endurgreiðslu beint með gíró-, eða greiðsluseðli. Um 13% sveitarfélaga nýta sér möguleika til skuldajöfnunar, sbr. 18. gr. laga nr. 138/1997.




Örfá sveitarfélög nefndu það sérstaklega að þau myndu innheimta ofgreiðsluna með 15% álagi. Ekki er hægt að fullyrða að sveitarfélög, sem segjast krefjast endurgreiðslu, krefjist einnig 15% álags, það þykir þó ólíklegt. Nauðsynlegt er því að brýna fyrir sveitarfélögum að endurgreiðslu beri að krefja með 15% álagi.

10. Aukning

Hjá mörgum sveitarfélögum hefur bæði orðið mikil aukning á fjölda bótaþega og á heildargreiðslu húsaleigubóta á milli árunna 2002 og 2003. Ef aukning hefur orðið í sveitarfélaginu hvernig skýrir sveitarfélagið þá aukningu?

Svör voru flokkuð á eftirfarandi hátt:

- | | |
|---|----|
| a) Fleiri námsmenn sækja um..... | 35 |
| b) Fólk meðvitaðra um rétt sinn..... | 22 |
| c) Fjölgunar ekki vart | 17 |
| d) Annað..... | 11 |
| e) Aukið framboð á leiguhúsnæði.... | 7 |
| f) Íbúar á sambýlum fá nú bætur ... | 7 |
| g) Fólksfjöldgun..... | 6 |
| h) Afnáms skattlagningar bóta | 3 |
| i) „Svörtum“ leigusamningum fækkar..... | 3 |
| j) Hækkun á húsaleigu | 3 |
| k) Sameining sveitarfélaga..... | 2 |



Grafið sýnir hve oft skýringar voru nefndar. Hægt var að gefa upp fleiri en eina ástæðu fyrir fjölgun.

Rýmkun á reglum, sbr. breytingarlög nr. 52/2001 á lögum nr. 138/1997, hefur gert það að verkum að mun fleiri námsmenn og íbúar á sambýlum sækja um bætur. Einnig er fólk almennt mun meðvitaðra um rétt sinn til bóta í kjölfar þess að mörg sveitarfélög hafa kynnt húsaleigubæturnar betur. Fólksfjölgun og aukið framboð á leiguhúsnæði kemur einnig til. Jafnframt eru fleiri leigusalar orðnir meðvitaðir um að fjármagnstekjuskattur af húsaleigu er einungis 10%, því eru þeir fúsari en áður að gera löglega leigusamninga. Vafalaust eru þó einhverjir leigusalar sem enn gera sér ekki grein fyrir þessu, það kæmi sér því eflaust vel fyrir leigutaka að sem flestir leigusalar væru meðvitaðir um þetta.

Reykjavíkurborg ásamt nokkrum öðrum sveitarfélögum nefndi afnám skattlagningar húsaleigubóta, sbr. breytingu á lögum nr. 75/1981, sem helstu ástæðu fyrir fjölgun bótaþega.

Allmörg sveitarfélög nefndu að rýmkun á reglum væri helsta ástæða fjölgunar bótaþega, án þess að gera nánari grein fyrir því. Það er því ljóst að í kjölfar þeirra lagabreytinga sem átt hafa sér stað hefur fjöldi bótaþega aukist til muna.

11. Athugasemdir

Annað/ athugasemdir sem sveitarfélög vilja koma á framfæri vegna húsaleigubótanna.

Hér gafst sveitarfélögum kostur á að koma ýmsum athugasemdum á framfæri. Þær sem bárust er flokkaðar eftir málaflokkunum hér að neðan:

Upplýsingar um bótaþega

- Sveitarfélög vantar aðgang að upplýsingum um tekjur umsækjanda og sambýlisfólks.
- Á umsóknareyðublaði um húsaleigubætur mætti vera reitur þar sem fólk gæti skráð núverandi atvinnustöðu. Í könnunum sem gerðar hafa verið í gegnum árin hefur oft verið spurt um atvinnu umsækjenda en þessar upplýsingar liggja ekki alltaf fyrir. Samkvæmt lögum og reglugerðum þyrfti það að vera skýrara hvenær heimilt væri að styðjast við núverandi tekjur umsækjanda ef miklar breytingar hafa orðið á högum hans frá síðasta skattframtali. Þá gæti verið betra að hafa endurnýjunartíma umsókna um húsaleigubætur um mitt ár eða að hausti. Þá liggja fyrir upplýsingar um

tekjur síðastliðins árs þar sem fólk hefur skilað inn framtölum og sætt álagningarskoðun.

- Hvað á sveitarfélag að gera þegar gerð og skil skattframtals hefur dregist? Enginn getur lagt fram nýtt skattframtal með nýrri umsókn í janúar. Það hefur ekkert upp á sig að fá annað eintak af síðasta framtali.
- Þörf er á skýrari reglum um það hvernig eigi að finna út árstekjur bótaþega. Á að fara eftir síðasta skattframtali, eða launaseðlum (laun geta verið mjög árstíðabundin svo erfitt er að fara eftir launaseðlum). Á að kalla eftir nýjum skattframtölum þegar frestur til að skila þeim er runninn út og endurreikna þá bætur? Á að taka brúttótekjur eða á að taka stofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars? Eru tekjumörkin miðuð við tekjur líðandi árs eða næsta árs á undan?
- Það væri æskilegt ef eftirlitshlutverk skattstjórans yrði aukið.
- Það getur verið erfitt fyrir sveitarfélög að meta hvort eigi að fara eftir síðasta skattframtali eða tekjum síðustu þriggja mánaða ef miklar breytingar verða á tekjum bótaþega.

Í búðarhúsnæði

- Sýslumenn ættu ekki að þinglýsa húsaleigusamningum á iðnaðarhúsnæði. Gera mætti kröfur um nákvæmari útfyllingu á húsaleigusamningum.

Greiðsla Jöfnunarsjóðsins

- Á meðan greiðsla húsaleigubóta sveitarfélaga hækkar um 40% milli ára (sbr. 1. ársfjórðung 2003) lækka framlög Jöfnunarsjóðs úr 58% í 43%.
- Hækka mætti greiðslur til sveitarfélaga vegna þeirrar kostnaðaraukningar sem þau urðu fyrir vegna ungmenna í framhaldsnámi.
- Athugavert er að framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna húsaleigubóta skuli vera áætlað lægra en 60% af greiddum húsaleigubótum sveitarfélaga eins og upphaflega var ráðgert.

Verklag húsaleigubóta

- Húsaleigubætur ættu eingöngu að vera bætur frá ráðuneytinu og renna saman við aðrar bætur (húsnæðisbætur), til dæmis vaxtabætur og barnabætur.
- Húsaleigubætur ættu alfarið að greiðast af ríkinu eins og aðrar bætur úr almenna tryggingakerfinu.
- Lagt er til að „áramót“ vegna endurnýjunar á umsóknum um húsaleigubætur verði færð til 1. maí ár hvert þegar skilum á skattframtölum á almennt að vera lokið.
- Mikil aukavinna fylgir þessu máli ef nota á skatttekjur síðasta árs á grundvelli útreiknings.
- Eins og fram kemur í þessum spurningum og svörum sveitarfélaganna byggir afgreiðsla og ákvörðun um húsaleigubætur nær eingöngu á forsendum sem gefnar eru af öðrum opinberum aðilum en sveitarfélaginu. Það meginmarkmið húsaleigubóta að jafna aðstöðu út frá tekjum og efnahag hefur verið verkefni ríkisvaldsins. Nú orðið eru vaxtabætur og barnabætur í umsýslu skattkerfisins og eru greiddar mánaðarlega. Mælst er til þess að framkvæmd laga um húsaleigubætur verði vistuð hjá ríkinu.
- Heppilegra væri að gildistími umsókna um húsaleigubætur væri ekki miðaður við áramót heldur til dæmis við 1. september, því stærsti hluti umsókna er frá námsfólki.
- Endurnýjun á umsóknum um húsaleigubætur ætti að fara fram 1. apríl eða eftir skil á skattframtali ár hvert í stað áramóta, sem kallar á tvíverknað.

Námsmenn

- Veita ætti nemendum með tímabundna leigusamninga (til dæmis frá september til maí), undanþágu frá því að þurfa að sækja um tvisvar, þ.e. að þurfa að sækja aftur um eftir áramót með tilheyrandi gögnum. Nægjanlegt ætti að vera að fá staðfestingu frá skóla um áframhaldandi námsdvöl á vorönn. Ekki er vitað um dæmi þess að tekjur námsfólks hafi skipt máli. Samkvæmt lögum er skylda að leggja fram síðasta skattframtal

og launaseðla þriggja síðustu mánaða. Ekkert er tekið á því hvort vegur þyngra.

- Háskólanemum sem fá úthlutað orlofshúsum á vegum viðkomandi skóla, í stað eiginlegra námsgarða, er meinað að hafa þar aðsetur og verða því af rétti sínum til húsaleigubóta. Í þessum tilvikum anna skólarnir ekki eftirspurn eftir námsgörðum og leita til eigenda orlofshúsa í næsta nágrenni, sem jafnvel eru nær skólanum en hinir eiginlegu námsgarðar. Eðlilegt væri að skólarnir hefðu þann möguleika að taka að sér hlutverk leigusala með framleigurétti í tilvikum sem þessum.
- Staðfesting á fullu námi í dagskóla ætti að nægja til að setja alla námsmenn við sama borð þegar kemur að rétti til húsaleigubóta burtséð frá tegund leiguhúsnæðis.
- Öðru hverju koma upp dæmi þess að fólk leigir íbúðir í sama húsi og skyldur/tengdur leigusali og sífellt er kvartað undan mismunun hvað þetta atriði varðar. Annað atriði sem skýtur æ oftar upp kollinum er að umsækjendur hafa ekki náð 18 ára aldri en eru þó komnir í sambúð og jafnvel orðnir foreldrar en þeir eiga ekki rétt á húsaleigubótum þar sem þeir geta ekki flutt lögheimili í leiguhúsnæði.
- Eru ársfjórðungslegar skilagreinar til Jöfnunarsjóðsins að skila þeim árangri/niðurstöðum sem vonir stóðu/standa til?
- Námsmenn eiga að njóta sömu kjara óháð tegund leiguhúsnæðis.
- Vegna skorts á húsnæði í heimavistum tengdum framhaldsskólum þyrfti að rýmka reglur sem tækju til leigu herbergja sem nýtt eru í sama tilgangi.
- Erfitt er fyrir sveitarfélög að fylgjast með því hvort bótaþegi (námsmenn) hættir í námi og/eða hættir að leigja þar sem margir leigusalar ganga ekki hart eftir því að fá leigusamninga til baka til að aflýsa þinglýsingu þeirra. Einnig er erfitt að fylgjast með því hvort bótaþegi hefur flutt lögheimili sitt á leigutímanum (gæti verið að fá greiddar húsaleigubætur frá tveimur sveitarfélögum á sama tíma).

- Það fer að verða dýrt fyrir sveitarfélög ef fjöldi námsmanna er að flytja lögheimili sitt til þeirra tímabundið.

Annað

- Gott væri ef félagsmálaráðuneytið sendi sveitarfélögum ábendingar um breytingar á lögum og reglugerðum er gilda um húsaleigubætur, svo slíkar breytingar færu ekki framhjá þeim.
- Það væri gott að fá punkta frá ráðuneytinu um helstu atriði sem þyrfti að varast og varðandi vinnuferli við afgreiðslu og útreikning húsaleigubóta.
- Sveitarfélög vilja koma því á framfæri að í sumum tilfellum þar sem leiðréttinga er þörf vegna ofgreiddra húsaleigubóta er það vegna þess að bótaþegar geta skráð lögheimili sitt aftur í tímann hjá Hagstofu Íslands þegar þeir skipta um lögheimili sem veldur misræmi í þjóðskránni á milli mánaða.